

**Ed.**

**56. Framvarp**

til laga um stofnun hússtjórnarskóla á Norðurlandi.

Flutningsm.: M. J. Kristjánsson.

1. gr.

Hússtjórnarskóla skal stofna, svo fljótt sem því verður við komið, á

Akureyri eða í grend við Akureyri. Markmið hans er að veita konum þá kunnáttu, sem nauðsynleg er hverri húsmóður og gerir hana færa um að gegna vel stöðu sinni.

2. gr.

Skólinn skal rúma minst 24 heimavistir og kenslustofur fyrir allt að 50 nemendur, auk íbúðar forstöðukonu og þjónustufólks, svo og geymslu fyrir matvæli, eldsneyti o. fl. Hann skal bygður úr steinsteypu eftir uppdrætti, er stjórnarráðið samþykkir, og útbúinn með nýttisku tækjum til matreiðslu, hitunar, lýsingar og ræstunar.

3. gr.

Skólanum stýrir forstöðukona, er tekið hefir próf í þeim kenslugreinum, er 4. gr. ákveður. Hún ræður kennara með samþykki stjórnarráðsins eða skólanefndar, er það skipar.

4. gr.

Námsgreinar eru:

A. Verklegar:

1. Matreiðsla alls konar, bæði vanaleg og viðhafnarmeiri, svo og þekking á sjúkrafæðu.
2. Brauðgerð alls konar.
3. Niðursuða, súrsun og sykrun matvæla.
4. Framreiðsla matar og drykkjar og allt, er að borðhaldi lýtur.
5. Ræstun og allt, er lýtur að hirðing búsaþalda, þvottur, sljettun, línsterking o. s. frv.
6. Linsaumur, kjólasaumur, bæting og alls konar hirðing fatnaðar. Sjerstök áhersla sje lögð á matreiðslu úr innlendum efnun, og að hagsýni og nýtni sje ávalt gætt.

B. Bóklegar:

1. Efnafraeði, sjerstaklega efnasambönd fæðutegundanna.
2. Hjúkrunarfraeði, einkum að því er snertir meðferð ungbarna.
3. Meginatriði uppeldisfraeðinnar.
4. Matjurtarækt, trjárækt og blómraekt.
5. Búreikningar.

Námsgreinun má fjölga eða fækka með reglugerð.

5. gr.

Skólinn skal stofnaður og starfraektur fyrir landsfje og standa undir yfirráðum landsstjórnarinnar, enda setur hún reglugerð um allt nánara fyrirkomulag hans.

6. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar efni og annað, sem með þarf til skólaus, verður faanlegt með viðunanlegum kjörum.

## Athugasemdir við frumvarp þetta.

### Við 1. gr.

Það hefir lengi verið sameiginlegt áhugamál marga hinna bestu kvenna þessa lands, að sem allra fyrst yrði stofnsettur skóli, er aðallega hefði það markmið að veita konum þá fræðslu, sem nauðsynleg er hverri húsmóður, hvort heldur er í sveit eða kaupstað, enda er ætlast til að þessum skóla verði þannig fyrir komið, að með honum verði þeim tilgangi náð.

Af skjölum, sem lögð hafa verið fram á lestrarsal Alþingis, er það augljóst, að norðlenskar konur ætla alvarlega að beitast fyrir þessu máli, og láta ekki staðar numið fyr en Alþingi sýnir í framkvæmdinni, að það viðurkenni þessa rjettmætu kröfu þeirra. Flestum mun koma saman um, að hinn fyrirhugaði skóli yrði best settur á Akureyri, eða í grend við hana, enda er það álit margra, að mikill hagnaður væri að því ef skólinn yrði að einhverju leyti í sambandi við gróðrarstöð Ræktunarfjelags Norðurlands við Akureyri.

### Við 2. gr.

Hvað snertir stærð skólans, þá virðist ekki hyggilegt að gera minni kröfur en þær, sem í frumvarpinu felast, því eftir reynslu þeirri, sem þegar er fengin um aðsókn að námskeiðum, er haldin hafa verið norðanlands að undanfögnu, til þess að bæta að einhverjn leyti úr hinni tilfinnanlegu vöntun á hússtjórnarskóla, má óhætt fullyrða, að aðsókn að skólanum myndi þegar á fyrstu árum verða svo mikil, að erfitt yrði að fullnægja henni. Að til skólans verði sem best vandað að byggingu og öllum útbúnaði er svo sjálfsagður hlutur, að um það er engin ástæða að fjölyrða.

### Við 3. gr.

Það er að vísu aðalskilyrði fyrir því, að skólinn verði að tilætluðum notum, að vól sje á nægum og góðum kenslukröftum, og sjerstaklega að vel takist að velja forstöðukonuna, en til þess virðist ekki önnur tryggari leið en að áskilið sje, að hún hafi tekið próf í þeim námsgreinum, sem skólanum aðallega er ætlað að kenna, og að stjórnarráðið veiti þá stöðu og samþykki ráðning annará kennara skólans, eftir tillögum forstöðukonunnar.

### Við 4. gr.

Í þessari grein eru taldar námsgreinar þær, er fyrst og fremst beri að leggja stund á við skólann, en ef það við nánari athugun sýnir sig, að hagkvæmara væri að breyta eitthvað til, sjerstaklega að bæta einhverju við, ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu. Það kæmi þá að sjálfsgöðu fram í reglugerð, er stjórnarráðið setur með ráði fræðslumálastjórnar.

### Við 5. gr.

Það hefir komið til tals, að hjeruð þau, er hefðu mest not af skólanum, kostuðu hann að einhverju leyti; en reynslan, sem þegar er fengin þar sem skólar hafa að nokkru leyti verið kostaðir af hjeruðunum og staðið undir sameiginlegri stjórn þeirra, virðist ekki benda í þá átt, að það fyrirkomulag sje eftir-

sóknarvert, enda hlýtur slíkt fyrirkomulag að verða mjög þunglamelegt og lítt framkvæmanlegt. Það getur því varla verið um annað að velja en að skólinn verði eingöngu stofnsettur og starfræktur fyrir landsfje, og það því fremur, þegar á það er litið, að landið leggur fram mikið fje til sjermentunar karla, en konur hafa orðið þar algerlega útundan.

Ef skólinn yrði settur á Akureyri, eða þar rjett við bæinn, mætti að líkindum búast við, að þar fengist nægilegt land ókeypis handa honum.

Enn fremur mætti búast við, eftir þeim mikla áhuga, sem konur á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu hafa sýnt á þessu máli, að þar yrði stofnaður álitlegur sjóður til styrktar skólanum eða nemendum hans.

Við 6. gr.

Vegna þess hve þörfin er brýn fyrir skólann, er gert ráð fyrir, að landsstjórnin greiði fyrir málinu eftir föngum, þegar efni og annað til skólans verður fíaanlegt með viðunandi kjörum.